

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Breyting á deiliskipulagi íbúðasvæðis á Leirum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 13. mars 2008, breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis á Leirum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Breytingin felst í því, að skipulagssvæðið minnkar og nær eingöngu til reita A, B og C. Reitir D, E og F verða hluti af nýju deiliskipulagi, sem kynnt var samtímis þessari breytingu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulag íbúðasvæðis á Leirum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 13. mars 2008, deiliskipulag íbúðasvæðis á Leirum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 30 einbýlishúsalóðum fyrir ýmist einnar eða tveggja hæða hús.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Höfn, 17. mars 2008.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar,

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2008